

anía Gísladóttir, húsfreyja á Hrísum í Saurbæjarhr., Eyjaf., f. 2. febr. 1935. For.: Gísli Ingimundarson, sjómaður á Ólafsfirði, f. 2. des. 1909, d. 25. sept. 1993, og k.h. Sigríður Guðrún Sæmundsdóttir, húsfreyja, f. 2. des. 1902, d. 12. febr. 1948.

Nám: Stúdent frá M.A. 1985. Cand. oecon. frá H.Í. 1990, fyrirtækjakjarna, endurskoðunarsviði. Löggiltur endurskoðandi 1993.

Störf: Bifreiðarstjóri hjá Kaupfélagi Eyfirðinga á Akureyri á sumrin 1984-91. Skrifstofumaður hjá Endurskoðun Akureyri hf. með námi frá okt. 1987 til nóv. 1988, hjá Endurskoðun hf. frá nóv. 1988 til apríl 1990 og hjá Endurskoðun Akureyri hf. frá sept. 1990 til ágúst 1992. Skattstjóri í Norðurlandsumdæmi eystra frá ágúst 1992 til des. 1995. Forstöðumaður fjármálasviðs Olíudreifingar ehf. frá jan. 1996.

Maki: 21. júlí 1990, Unnur Inga Bjarnadóttir, próf af sjúkraliðabraut F.B. 1990, sjúkraliði, f. 20. ágúst 1965. For.: Bjarni Guðbrandsson, pípulagningameistari í Reykjavík, f. 17. nóv. 1932, og k.h. Guðrún Guðlaug Ingvarsdóttir, gluggatjalda-hönnuður, f. 26. sept. 1932.

Dætur þeirra: 1) Guðrún Dögg, f. 31. ágúst 1991. 2) Bjarney Rósa, f. 17. nóv. 1993. Stjúp-dóttir Sveinbjörns (dóttir Unnar f. hjónaband): 3) Eydis Ósk Ásgeirsdóttir, f. 22. apríl 1985.

Sveinbjörn Vigfússon f. 20. nóv. 1942 á Akureyri.

Faðir: Vigfús Þórarinn Jónsson, málameistari, framkvæmdastjóri og kaupmaður á Akureyri, f. 13. des. 1899, d. 1. nóv. 1977. For.: Jón Jónsson, bóndi á Vatnsenda í Saurbæjarhr., Eyjaf., f. 30. júlí 1874, d. 28. des. 1959, og k.h. Sveinbjörg Kristjana Pálsdóttir, húsfreyja, f. 5. júlí 1872, d. 30. okt. 1953.



Móðir: Sigríður Huld Jóhannesdóttir, kaupkona á Akureyri, f. 19. des. 1917, d. 31. júlí 1988. For.: Jóhannes Jóhannesson, trésmiður á Siglufirði, f. 14. apríl 1885, d. 10. okt. 1946, og k.h. Sæunn Steinsdóttir, húsfreyja, f. 28. maí 1876, d. 6. ágúst 1960.

Nám: Stúdent frá M.A. 1962. Cand. oecon. frá H.Í. 1969.

Störf: Framkvæmdastjóri Bókabúðarinnar Huldar sf. á Akureyri 1964-90. Aðalbókari og skrifstofustjóri hjá bæjarfógetanum á Eskifirði og sýslumanninum í Suður-Múlasýslu frá febr. 1990 til 1995. Deildarviðskiptafræðingur hjá skattstjórnunum í Reykjanesumdæmi frá nóv. 1995.

Félags- og trúnaðarstörf: Hefur átt sæti í stjórnnum ýmissa félaga og gegnt þar formennsku. Nefndarstörf á vegum Akureyrarbæjar. Formaður framtalsnefndar Akureyrarbæjar.

Maki: 7. sept. 1964, Guðbjörg Baldursdóttir, skrifstofumaður, f. 23. sept. 1943. For.: Baldur Ólafsson, múrarmeistari á Siglufirði, f. 13. mars 1925, d. 6. des. 1967, og k.h. Kristín Rögnvaldsdóttir, húsfreyja, f. 24. ágúst 1922.

Börn þeirra: 1) Baldur, f. 19. nóv. 1964, stúdent frá M.A., B.Sc. í líffræði og M.Sc. í frumulíffræði, í doktorsnámi við Háskólann í Tromsø. 2) Huld, f. 6. ágúst 1970, stúdent frá M.A., B.Sc. í hjúkrunarfræði frá H.Í., hjúkrunarfræðingur. 3) Vigfús Þór, f. 16. okt. 1972, stúdent frá M.A., stud. oecon. við H.Í.

Sveinn Aðalsteinsson f. 5. júlí 1946 í Reykjavík.

Faðir: Jón Aðalsteinn Sveinsson, vélstjóri í Reykjavík, f. 22. des. 1894, d. 30. des. 1958. For.: Sveinn Níelsson, bóndi á Lambastöðum í Álftaneshr., Mýr., f. 26. júní 1860, d. 11. okt. 1939, og seinni k.h. Sigurlín Þorbjörg Sigurðardóttir, húsfreyja, f. 19. maí 1867, d. 12. jan. 1962.



Móðir: Guðný Guðmundsdóttir, húsfreyja í Reykjavík, f. 4. okt. 1910. For.: Guðmundur Gíslason, bóndi á Glæsisstöðum í V-Landeyjahl., Rang., f. 16. nóv. 1869, d. 2. des. 1942, og k.h. Sigríður Bjarnadóttir, húsfreyja, f. 28. apríl 1876, d. 3. okt. 1916.

Nám: Stúdent frá M.R. 1966. Cand. oecon. frá H.Í. 1977.

Störf: Framkvæmdastjóri Prentsmiðjunnar Hóla í Reykjavík frá maí 1973 til apríl 1976. Við-

skiptafræðingur hjá hagdeild Póst- og símamála-stofnunar frá okt. 1977 til des. 1978. Fulltrúi í viðskiptaráðuneytinu jan.-sept. 1979, deildarstjóri þar frá okt. 1979 til jan. 1981. Framkvæmdastjóri Samafns SVF frá jan. 1981 til des. 1984. Ráðgjafastörf, tryggingasala, stofnun og rekstur verslunarinnar Gulleyjan 1985-86. Forstöðumaður erlendra viðskipta hjá Alþýðubankanum hf. frá jan. 1987 til okt. 1989. Hefur rekið eigið ráðgjafa- og verslunarfyrirtæki, Ísgull, frá 1990.

Félags- og trúnaðarstörf: Kjörinn af Alþingi endurskoðandi Landsbanka Íslands 1979-85.

Ritstörf: Íslenski prentiðnaðurinn, útdráttur úr lokaprófsritgerð, Fjármálatíðindi 25:1 1978.

Maki: 18. okt. 1975, Sigrún Hermannsdóttir, ritari, f. 28. des. 1944. For.: Hermann Sigurðsson, sjómaður í Reykjavík, f. 6. júlí 1921, d. 9. mars 1956, og k.h. Ragna Bjarnadóttir, húsfreyja, f. 6. júlí 1921.

Börn þeirra: 1) Árni, f. 9. maí 1976. 2) Hrönn, f. 25. júlí 1977. 3) Marta María, f. 11. apríl 1980. Stjúpdóttir Sveins (dóttir Sigrúnar): 4) Ragna Björg Sigrúnardóttir, f. 3. júlí 1964, B.A. í leiklist frá California Arts. Maki: Richard Todd Licea.

Skuldleiki/tengdir: Halldór Haralz og Haraldur Ellingsen (þremenningar), Jóhann Haraldsson (S.A. tvím. við föður J.H.), Jónas Haralz (tvím. við föður), Kristín Rafnar og Sveinn Valfells (þremenningar).

Sveinn Agnarsson f. 22. des. 1958 í Reykjavík.

Faðir: Agnar Þórðarson, cand. mag., rithöfundur og bókavörður í Reykjavík, f. 11. sept.



1917. For.: Þórður Sveinsson, yfirlæknir á Kleppsspítala í Reykjavík og prófessor h. c. við Háskóla Íslands, f. 20. des. 1874, d. 21. nóv. 1946, og k.h. Ellen Johanne Sveinsson, f. Kaaber, húsfreyja, f. 9. sept. 1888, d. 24. des. 1974.

Móðir: Hildigunnur Hjálmaradóttir, B.A., innheimtustjóri í Reykjavík, f. 20. mars 1920. For.: Hjálmar Sigurðsson, kaupmaður og útgerðarmaður í Stykkishólmi, f. 6. júní 1869, d. 11. des. 1919, og k.h. Soffía Emilfa Gunnarsdóttir

Sigurðsson, ritari, síðar í Reykjavík, f. 2. júlí 1893, d. 9. jan. 1989.

Nám: Stúdent frá M.R. 1977. B.A. í sagnfræði frá H.Í. 1982. Nám í hagfræði við McGill University í Montreal í Kanada 1982-84. Cand. oecon. frá H.Í. 1989, þjóðhagskjarna, hagstjórnarsviði. Framhaldsnám í hagfræði við Gautaborgarháskóla frá 1990.

Störf: Blaðamaður á Morgunblaðinu frá nóv. 1977 til sept. 1978. Blaðamaður á Morgunblaðinu, Dagblaðinu, DV, NT og Tímanum með námi 1978-86. Fréttamaður á Stöð 2 sumarið 1987. Viðskiptafræðingur hjá Ríkisendurskoðun frá júlí 1988 til ágúst 1990 og sumarið 1991.

Félags- og trúnaðarstörf: Í stjórn Íslendingafélagsins í Gautaborg 1991-94. Í stjórn SÍDS, Félags Íslendinga á Norðurlöndum, 1993-96.

Ritstörf: Bílar og tollar. Kostnaðar- og nytjagreining á áhrifum tollalækkunarinnar í mars 1986, Fjárlaga- og hagsýslustofnun, 1989:1, 1989; Arbetstidsförkortning. Driftstid och sysselsättning: Ett Internationellt Perspektiv. Memorandum No. 210, Nationalekonomiska Institutionen, Handelshögskolan vid Göteborgs Universitet, jan. 1995. – Ritstj.: Sagnir, tímarit Félags sagnfræðinema, 1981-82; Ný Saga, 1987; Hagmál, tímarit Félags viðskiptafræðinema, 1986-88.

Skuldleiki/tengdir: Sveinn Egill Úlfarsson (tvímenningur).

Sveinn Arason f. 20. apríl 1948 á Húsavík.

Faðir: Ari Kristinsson, lögfræðingur, sýslumaður á Patreksfirði, f. 6. nóv. 1921, d. 5. febr. 1964.



For.: Kristinn Jónsson, kaupmaður á Húsavík, S-Þing., f. 26. júní 1895, d. 3. júlí 1950, og k.h. Guðbjörg Óladóttir, húsfreyja, f. 26. febr. 1896, d. 24. okt. 1960.

Móðir: Þorbjörg Þórhallsdóttir, íþróttakennari og húsfreyja á Patreksfirði, síðar í Reykjavík, f. 2. júní 1919, d.

15. maí 1992. For.: Þórhallur Sigtryggsson, kaupfélagsstjóri á Djúpavogi og síðar á Húsavík, S-Þing., f. 4. jan. 1885, d. 11. sept. 1959, og k.h.